

Hverfisráð Hríseyjar

142. fundur

Miðvikudaginn, 12. maí 2021, kl 19:30 var haldinn 142. fundur hverfisráðs í Hlein.

Mætt voru: Ingólfur Sigfússon, Kristinn Frímenn Árnason og Claudia Werdecker.

Dagskrá:

1. Aðalfundur hverfisráðs og íbúafundur

- a. Ákveðið í samráði við bæjarfulltrúa Akureyrarbæjar að aðalfundurinn verði haldinn þann 27. maí 2021 kl. 16:00 í íþróttamiðstöð Hríseyjar. Nánari dagskrá auglýst síðar.
- b. Eftir aðalfundinn verður haldinn íbúafundur þar sem verður hópavinna er varðar mismunandi málefni sem tengjast Hrísey.

2. Önnur mál

Hverfisráð þakkar bæjarráði fyrir að koma í farveg lagningu ljósleiðarastofnstrengs til Hríseyjar, en ljósleiðarauppbygging er að mati hverfisráðs mikilvægur þáttur í að gera eyjuna fýsilegri til búsetu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 20:15.

Claudia Werdecker
Ingólfur Sigfússon
Kristinn Frímenn Árnason

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker